




HEIMIR


III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

8.-9. blað.



Skammdegisþankar.



Þurfa nokkur þar til skil,
Þá skal dæmt um liti,
Hér fyrst ekki' er tími til
Að tala neitt af viti?

Jólahaldsins þaufið þurt
Þá fær nýja grunninn;
Englar flúnir allir burt,
Út eru ljósin brunnin.

Grátt er loftið þrætupings,
Þoka' um sund og ósinn;
Augum horfin Íslendinga
Öll eru norðurljósin.

Heyri' eg úti þrælaþræmm
Þreyta skeið til salsins;
Hljótt er allt í hulduhvamm,
Horfin vættur dalsins.


Engin hugmynd á nú hrós,
Alt skal vera þekking.
Okkar fyrsta andans ljós
Er nú kallað blekking.

Fánýt tungan, fokstrá ljóð.
Fossa úrelt hljóðin.
Nú er alt á nýjan mót
Nurlað í hagnaðs sjóðinn.

Himinbliki' um hafsins tjöld
Hygg eg flestir gleymi;
Fjöllin þykja klúr og köld
Kveifum vest'r í heimi.

Hefir orðið helzt til seinn
Helgra guða máttur,
Þjóðernisins einn og einn
Er að bresta þáttur.

Kristinn Stefánsson.



Nokkrir fornmennt.



Um leið og Heimir kemur fannbarinn og frostbólgin að húsum vina sinna og lesenda nú um þessi Jól, hefir hann meðferðar myndir af nokkrum Íslendingum, er hann hyggur að flesta muni fýsa að sjá. Því víðast hvar um byggir Íslendinga hvar, sem maður fer, heyrir maður nafns þeirra getið, og flestir kunna eitthvað frá þeim að segja, þótt ekki hafi þeir mennina séð né haft persónulega kynni af þeim. En það er bæði, að lítið hefir verið um Íslendingana skrifað hér vestra og starf þeirra og nýlendulíf, enda hefir þessara manna sjaldan verið minnst sem *verðugt væri* í þeim skrifum. Hvað til þess ber, er ekki auðráðið, en þó mun það eiga stóran þátt í þögninni skoðanir þeirra á ýmsum félagsmálum vorum. Það er sorglega satt, þótt vér Íslendingar unnum manna mest réttlæti og sannsögli,—því sá var eitt sinn kosturinn beztur meðal þjóðar vorrar, að segja hverja sögu eins og hún gekk—og þótt vér lifum í, að nafninu til, frjálsum landi, þá ber það ekki ósjaldan við, að menn eru látnir gjalda skoðana sinna þegar til frásagna kemur, eða þeir eru litnir öfugu auga.

Það er létt sök að grafa aldraða Íslendinga hér í Ameríku.

Auðnin og víðáttan er hér nóg. Enda er þegar verk það hafid og hálfnað. Með hverju ári eru altaf fleiri og fleiri kallaðir á burt. Bráðum eru þeir allir horfnir, er fyrstir leiddu þjóðar-brot vort, sem hér á heima, hingað til lands.

Hvort nokkru sinni verði hreyft við kublum þeirra, er enn þá ósögð saga. En gleymist þjóðerni vort og glatist tungan, er það mjög óvíst. Mörgum gleymist nú, er þeir ganga eða aka að sumarlagi um byggðir vorar, fram með bleikum ökrum og slegnum túnum, hversu eyðimörkin breyttist í blómlega byggð, hversu brautin varð slétt og gatan gerð bein, hví kornstangirnar í hópum og hnöppum teygja sig nú mót himni og gára hæðir og hóla. Guðhræddur maður myndi segja, að það væri af því að þær væri að vegsama guð— til að geta sér einhvers til.—en stöku nýlendusonur ætti þó að skilja það betur. Þær hafa fengið þann frjóvgunarkraft, sem öllum er dýrkeyptari, blóð og svita landnemans. Líf landnemanna öldnu, heilsa þeirra og kraftar, sem til moldar eru gengin með þeim, rís upp á hverju vori í kynja krafti og vexti kornstangarinnar til lífs og viðhalds börnunum, er þeir eitt sinn fluttu í faðmi sínum vestur um haf, en sem nú er orðið vaxið og fullorðið fólk. „Enginn getur elskað vini sína meira en það að hann leggi líf sitt í sölurnar fyrir þá“ nei, og ekki börn né vandamenn. En eiga þá þau börn að hjálpa til að grafa þá gröfnu dýpra í gleymsku og þá lifendu sem óðum fækka, dýpra í þögn? Hafa þeir, sem ofar eru jörð og nú láta mest á sér bera, unnið alt, sem hér hefir verið gert? Eru þeir öll sagan frá upphafi til enda? — — —

Heimir játar að það eru fleiri en þeir, sem hann flytur myndir af í þetta sinn, sem „ruddu þá leið til áfangans, þar sem við stöndum“, en ef efni og aldur leyfir, verður kannske myndasafn það stærra áður en lýkur.

*

*


*

BRYNJÓLFUR BRYNJÓLFSSON

Það voru ekki eingöngu kögurbörn Íslands sem fluttust af landi burt til Vesturheims fyrri á árum. Þegar fyrst vöknuðu vesturfarahreifingar, voru það þeir hugumstærri, er riðu á vað-

ið, þeir sem þorðu að freista hamingjunnar og leita lífs eða dauða í ókunnnum álfum.

Eins og kunnugt er, var það fyrir þá vakningu, sem þjóðin fékk við stjórnarbót-



BRYNJÓLFUR BRYNJÓLFSSON.

arbaráttuna miklu, að menn uppgötvuðu það, að til voru fleiri lönd á þessari jörð en Ísland eitt. Ísland náði ekki yfir „alla heimskringluna“.— Þjóðin, með því að læra á ný, að hún væri þjóð, lærði þá líka brot úr landafræðinni, að til væri fleiri þjóðir og lönd byggileg „kristnum mönnum.“ Hún hafði raunar haft kynni af einni þjóð um nokkurn tíma,—Dönum, en land þeirra var ekki girni leg, er bæði var „neflaust“ og „augnalaust með“,— svo hafði líka viðkyrningin ekki verið góð. —

Hugir manna beindust því í aðrar áttir, fyrst til Brazílu, þá til Alaska, síðar til Bandaríkjanna Vesturheims og Canada. Með stjórnarbótarkröfunum risu aðrar nýjar kröfur. Það var ekki nóg að verzlunin yrði frjáls, menn urðu að hafa eitthvað til að verzla með. Lífsútvegir manna voru fáir. Það sem feðrum og langfeðrum var nógu gott varð nú sonunum alls ekki gott, þeir vildu því freista gætunnar, á öðrum stað.

Það hafði verið smátíningur í burtu úr landinu fyrir árið 1874, en það ár fóru allmargir. Í þeim hópi var *Brynjólfur Brynjólfsson*, bóndi frá Skeggstöðum í Svartárdal í Húnavatns-sýslu, og kona hans *þórunn Ólafsdóttir*. Þau hjón fluttu það ár með börn sín sjö til Ontario-fylkis í Canada.

Brynjólfur er fæddur að Gilsbakka í Austurdal í Skagafjarðarsýslu í Ágúst mánuði árið 1828. Hann var sonur þeirra hjóna

Brynjólfs Magnússonar og Sigríðar konu hans, er þar bjuggu lengi. Brynjólfur ólst þar upp í dalnum. Árið 1864 hélt hann brúðkaup sitt að Álfgæirsstöðum í Efribygð í sömu sýslu, og gekk að eiga Þórunni Ólafsdóttur Bjarnarsonar, húnvetnska að ætt.

Fáum árum síðar fluttu þau hjón vestur í Húnavatnssýslu og reistu bú í Forsæludal í Vatnsdal. Þar bjuggu þau í 9 ár, en fluttust þá að Skeggstöðum í Svartárdal og bjuggu þar, þar til þau fluttust af landi burt til Ontario 1874.

Í Ontario dvöldust þau að eins skammi stund og fluttu sama ár til Halifax County í Nýja Skotlandi. Þar var þá að myndast dálstíll íslenzk bygð nálægt kauptúni, er Musquodoboit hét, en bygðin var nefnd *Markland*; eftir Marklandi hinu forna.

En bæði var það, að landið reyndist hrjóstrugt og kostarrýrt og þeir undu þar lítt hag sínum, og svo hafði líka fundist frjóara land og betra vestur í Bandarískjunum, enda varð nýlenda sú skammlíf. Eftir 6 ára dvöl flutti Brynjólfur þaðan; tafðist vetrarlangt í Duluth í Minnesota og kom til Dakota 1882. Hann festi sér land vestanvert í Pembina County, er um þær slóðir var þá að byggjast af Íslendingum, sumum er komu þá frá Íslandi og öðrum er um þær mundir flýðu stórlágar Nýja Íslands. Þær hans stóð í miðri norðurbygð svo jafn langt var milli beggja íslenzku kaupstaðanna Víkur (Mountain) og Hallson, rúmar 3 mílur enskar, og lá þjóðbrautið úr hlaði.

Eins og flestum Íslendingum, var Brynjólfi þegar strax er hingað kom til lands mikið áhuguefni að öllu því nýtilega er menn átru í fari væri sem bezt viðhaldið og verndað frá glötun og gleymsku. Sjálfur var hann manna fróðastur um flesta íslenzka hluti. Hann var kappsamur, fylginn og manna ósérplægnastur, vinur allra vesturfara að því, að hann vildi þeirra allra heill. Hann var því sjálfkjörinn öndvegishöldur bænda þar um bygð, enda leið skammur tími frá því hann settist að í Dakota, þar til allir nýlendubúar virtust hafa haft glögg kynni af honum og heimili þeirra hjóna varð aðalráðhús bygðarinnar, er fyrir norðan og austan lá. Hefði nýlendumenn átt að setja

sér lög og stjórn, hefði honum veitt létt að taka upp goðorð, því margir hefði ótrauðir kosið að ganga í þing með honum.

En þeir tóku ekki upp goðorð Dakotamenn þá strax, en þess varð ekki langt að bíða að þeir væri kvaddir 'til þings og einnig að greiða þingkaup. Eins aftur á móti öllu því smálitilmótlega í íslenzku lundarfari vildi hann fyrir hvern mun koma fyrir. Heimili hans var því um langan tíma ekki eingöngu „ráðhús“ norðurbygðanna, heldur og líka „menningarstöð“. Það stóð við þjóðbraut. Þangað komu allir, er ferð áttu suður um bygð. Þar varð ætíð stanz, því koma þurfti við hjá Brynjólfi, leita tíðinda og segja vandkvæði sín eða þá hamingjustryk. Í þá daga höfðu menn góða heilsu og góða lyst, hvört heldur var fram boðið kaffi eða matur, var því oftast til húsa gengið og sezt til borðs. Sló þá í viðræður, er ekki voru við eina fjöl feldar, bar þá oft margt á góma.

Það voru örfáir af þeim, sem fyrstir settust að í bygðinni, sem voru lesandi á enska tungu. Brynjólfur hafði aflað sér þeirrar þekkingar mjög snemma, gat hann því fljótt fylgst með í landsmálum, og frætt aðra um, hvað væri að gjörast. Fyrst komið var í nýtt land, var að hagnýta sér þá efnalegu og andlegu kosti, er landið hafði að bjóða.

Það væri ekki að segja söguna rétt, ef slept væri að geta þessa. Það var fyrir heimuglegan vingjarnlegleik til manna, hjálp í ýmsu andstreymi, uppörvun, þýðlegt viðmót, ramnorænt skapferli, er á stundum gat látið á sér bera, að Brynjólfur náði tiltrú, virðingu og vináttu manna, en ekki fyrir tilhreinsun í trú, þótt fyrir það yrði hann viðfrægastur.

Mönnum var hættulega gjarnt til þess fyrstu árin, meðan fátæktin og málleysið var annars vegar, að skoða enskumælandi menn fyrir sér, og bera með sér kúgunarsvipinn, sem fylgir svo mörgum íslenskum fátækling. Þetta kom ekki eingöngu fram í viðskiftum við ameríska menn, heldur og líka gagnvart prestum kyrkjunnar, eftir að þeir eignuðust presta. Það var eitt með öðru, er Brynjólfur reyndi að tala niður í mönnum. Vestur-íslenzka þjóðlífið á ef til vill engum eins mikið að þakka, hnign-

un prestatilbeiðslunnar eins og honum og sonum hans tveimur, Skapta og Magnúsi.

Það byrjaði snemma ágreiningur manna yfir kyrkjumálum. Séra Jón vakti hana fyrst í deilum sínum við séra Pál Þorláksson. Eftir að safnaðarmyndanir komust á fót í Dakota vöknudu þau mál á ný, en í annari mynd. Menn voru margir fátækir í þá daga. Sumir veigruðu sér við að ganga í söfnuð vegna fátæktar, ekki af því að þeir ekki þráðu kristilegt safnaðarlíf í bygðinni: Þegar þessir svo sóttu messur voru þeir álitnir nokkurskonar óheimildarmenn að því. Og heyrðist þá fyrst að „þeir væri að stela guðsorði“ með því að taka upp sæti frá safnaðarmönnum á messustaðnum.

Ekki hamlaði Brynjólfur sjálfum fátækt né ófélagslyndi frá safnaðar inngöngu, en hann kunnir því illa, þeim nýkristna síð vesturíslenzku lútherskunnar, að menn væri þjófkenndir fyrir að sækja helgar tíðir. Enda fór hann þá að f huga kyrkjukenningarnar fyrir alvöru. Skapti sonur hans kom þá heim um það leyti og gerðist brátt öflugur forgöngumaður frjálsrar trúar, er ekki batt bagga sína kyrkju og kreddu hnútum. Vaknaði þá fyrir alvöru hin svonefnda „frítrúar hreyfing“, sem kend var við þá Brynjólfsmenn.

Það var í Febrúar 1888 að það myndaðist fyrst „Hið íslenska menningarfélag“, að heimili Stephans G. Stephanssonar skálds, er þá bjó vestur við Pembinafjöll í Garðarbyggð. Það var að tilhlutun fárra manna og voru aðalforkólfarnir þeir Brynjólfssynir, Skapti og Magnús. Tilgangur félagsins var sá að rýmka um skoðanir manna og hafi það ekki gert það, þá hefði enginn félagsskapur leyst verkefni sitt af hendi. Félagið var starfandi í tvö ár. Það hélt fyrirlestra-samkomur drottinsdag hvern, er veður og búsysla manna leyfði. Fyrsta árið fluttu þessir fyrirlestra á fundum þar: Ólafur Ólafsson um Andatrú. Skapti Brynjólfsson, Björn Halldórsson, Sigrbjörn Stefánsson, Björn Pétursson, Stephan G. Stephansson o. fl.

Félagið var tæplega myndað þegar á það var ráðist í Samningunni af séra Jóni Bjarnasyni. Voru þá kjörnir Stephan G. St. og Brynjólfur að svara þeirri árás, sem þeir og gerðu.

Því miður er ekki rúm til að fara ýtarlega út í starfa þessara manna um þetta leyti, en aðalsvaramenn félagsins voru þeir Brynjólfssynir, er til mannamóta og ræðuhalda kom, en heima fyrir, við gesti og gangandi Brynjólfur sjálfur. Hann lét ekkert tækifæri ónotað að tala fyrir mönnum skynsemi og vit. Og andstæðingar hans létu heldur ekkert tækifæri ónotað að sverta orð hans og verk í félagsparfir, en lítið ávanst þeim í því efni. 1889 varð burtflutningur úr bygðinni og fluttu margir félagsmenn. Félst þá til ærinn starfi af öðru tagi, og hætti félagið brátt fundahöldum, en það hafði unnið sitt verk.

Fram á þenna dag hefir Brynjólfur samt haldið áfram með þeim sama áhuga og áður að útbreiðslu frjálsra skoðana.

Í Sept. 1892 andaðist Þórunn kona Brynjólfs og sex árum síðar brá hann þá búí, og hefir síðan mestan tíma dvalið hjá Magnúsi lögmanni syni sínum í Cavalier í Dak.

Alls eru börn Brynjólfs sjö: Tvær Sigríðar, Ólafur, Jónas, Skafti fyrir. Þingm. Dakotaríkis, Björn lögmaður í Grand Forks og Magnús héraðslögmaður í Cavalier N. D.

Brynjólfur er vel meðalmaður vexti, grannur, beinvaxinn og hið mesta snyrtimenni, bláeygur og skfreygur, röddin þung og atkvæðamikil, svipurinn allur fyrirmannlegur. Hann er nú hniginn mjög að aldri, en er enn við góða heilsu. Ákafamaður hefir hann ætíð verið og aldrei hrasandi og hálfur í neinu, er hann hefir tekið fyrir. Hann varð því drýgri í viðskiftum við andstæðinga sína í skoðanamálum en nokkur annar, er enn hefir komið við sögu vora hér vestra. Fyrri á árum ritaði hann mikið í blöðin, aðallega var það þó „Hkr.“, er hann var meðeigandi í. Eitt smárit varð mönnum tíðrætt um þá, er nefnt var „Höfuðpresturinn í Ísrael“, og kom út með „Hkr.“ Var B. höf. þess.

Enginn hefir ástsælli verið af yngri mönnum en hann, hefir hann og jafnan verið ungur. Er það ósk og von Heimis, að gamalmennið unga eigi mörg og friðsæl ár enn að baki,—að hans æfningar gamlárskveld verði æ fagnaðarríkara og bjartara, unz hann flytur á burt út fyrir rökkurtjöldin inn í friðarheiminn eilífa og góða.

[Framhald í næsta blaði]

Íslenzki fálkinn.



Lag: Rule Britannia.

Dú, tigna, forna, ljúfa land,
 vér lifum til að elska þig.
 Frá hæstu tindum og alt að ægisand,
 þig auðnan leiði' á hærra stig.
 Fram og hærra, unz heimur allur sér
 vorn helga fána', er elskum vér.

Ó, fram vor þjóð og vinn og vak,
 og vek það líf er svefninn fól,
 Vort frelsi verði sem fálkans vængjatak
 og flugið hafð beint mót sól.
 Fram og hærra, unz hátt við sólu ber
 vor helgi fáni', er elskum vér.

Vér þurfum framsókn, þol og dáð,
 vér þurfum fálkans hvössu sjón
 til þess að hefja þig mæra móðurlát
 og mikla þig, vort kæra Frón.
 Fram og hærra, unz heimur allur sér
 vorn helga fána', er elskum vér,

þorst. Þ. Þorsteinsson.

[1904]



Fjallgangan.

Þykk og öskugrá þokuský höfðu byrgt sólina mest allan daginn, en rétt fyrir sólsetrið rofnuðu skýflokarnir, svo hún náði til að skína út á milli bólstranna og varpa gullinni blæju yfir fjöll og dali. Og í sömu andráníni nam göngulúinn ferðamaður staðar á heiðarbrún og rendi hvössum augum austur um hérað mikið og fagurt, er nú blasti við augum hans. „Hér lít eg þá loks hið lengi þráða land“, hugsaði hann. „Hér er gott að vera, og víst fagna eg nú yfir því að hafa ekki látið hættur eða þrautir telja mér hughvarf. En annaðveggja er nú, að mér förlar sýn, eða móða mikil rís hér austur á völlum og bannar útsýni nema spölkorn frá fjallarótunum.“

Hann hafði komið langt að þessi göngumaður. Snemma morguns hafði hann yfirgefið heimili feðranna í þröngri dalskoru langt fyrir vestan örafín. Það var svo þröngt í dalnum, að hann sá engin tók til að komast þar áfram. Hann hafði heyrt að fyrir austan ómælilega fjallageiminn, er blasti við auga af vestari dalbrúninni, væru fögur og frjó héruð. Endur og sinnum höfðu kjarkmiklir menn lagt á örafín í leit eftir víðara verksviði og betri sveit. Sumir þessara höfðu snúið aftur og sagt, að þó þröngt væri í dalnum, væri þó betra að búa þar, en að berjast við illviðri á fjöllum uppi. Aðrir höfðu aldrei komið aftur og engar fréttir frá þeim borist. Dalbúum var því óljóst hvort þeir hefðu komist af eða orðið vörgum að bráð á örafunum. Það síðara var talið líklegra, enda makleg laun fyrir gjöræði þeirra, að yfirgefa ódul feðranna til að kanna ókleif fjöll, sem öllum voru ókunn.

Alt þetta var göngumanninum kunnugt. Hann hafði líka hugsað sér allar mannaunnir, er vænta mætti á veglausum örafum, en hann var á bezta aldri, hugmikill og sterkur. Hugrakkur lagði hann því upp úr dalnum og nam ekki staðar fyrri en upp kom á heiðarbrúnina fyrir austan dalinn, þar nam hann staðar og leit niður í dalskoruna, þar sem hann hafði alið aldur sinn, þar sem hann svo oft hafði leikið sér „að skeljum á hól“

með hinum börnunum. „Marga unaðsstund hefi eg lifað í dalnum þeim arna“, hugsaði hann, „og víða er hann fagur, þó hann sé þröngur. Hefði hann verið ögn breiðari, ögn meira landrými, þá hefði eg hvergi farið, enda þótt einhver ósýnileg þrá knýi mig burtu og austur yfir fjöll. Eg flý þig dalurinn minn, og kem líklega aldrei aftur“. Svo sneri hann baki að dalnum og horfði austur til fjallanna, er risu tignarleg og fögur upp af heiðarflesjunni framundan.

Það sýndist varla steinsnar yfir að fjöllunum, en víst reyndist göngumanninum vegurinn laugur og erfiður. Nærri örmagna náði hann loks upp á hæsta fjallshrygginn. Þaðan var víðsýnt og tilkomumikið útsýni, og fagnaði göngumaðurinn yfir að vera þangað kominn, því þangað hafði hann oft langað. Þaðan sá hann móta fyrir dalnum feðranna, en úr þessari fjarlægð var hann nú líkari dökkri skuggarönd en bygðu bóli.

Til austurs reis í fjarska annar fjallgarður og hærri miklu og ófrýnlegri en sá er hann nú var að klifra yfir. Þangað stefndi hann nú og þangað náði hann eftir langa mæðu. En margar óvæntar hættur og þrautir mættu honum á þeirri leið. Fyrst um sinn lá leið hans yfir víðlendar heiðar-flesjur þar sem bjargvænlegt var, enda fólk þar á stangli að „reisa sér bygðir og bú“. En ekki leizt göngumanninum á sig þar, enda keyrði þráin hann austur og lengra austur og nær fjöllunum háu og austur fyrir þau. Um síðir stóð hann á fjallsröndinni hæstu. Þaðan var meira víðsýni, en hann hafði áður getað gert sér hugmynd um, en kalt var þar og fokviðrasamt.

Framundan, til austurs, reis upp hærri og ferlegri fjallgarður—svo ferlegur enda, að göngumanninum ægði við hæð hvítgráu hnjúkanna, er voru huldur til háls í skýjunum. Já, hann var ægilegur þessi fjallabálgur, en fær hlaut hann að vera huguðum manni og þrekmiklum.

Þegar niður kom af þessum miðgarði fjallanna tóku við gróðurlausir sandar. Var þar brunahiti um daga, en napur kuldi um nætur. Liðu svo dagar að ekki fékst dropi af vatni, nema beygt væri langt af leið. Er nær dró jökulfjöllunum miklu uxu torfæurnar með klukkustund hverri. Farartálm-

anir voru þar á víxl straumharðar ár, gil og gljúfur, klettar og klungur. Á einn veg eða annan yfirbugaði þó göngumaðurinn allar þessar þrautir og að lyktum var hann kominn svo hátt í hlíð, svo nærri hæstu fjallsbrúninni, að hann fór að hrósa happi yfir fengnum sigri. En í sömu svipan bar hann fyrir klapparhyrnu og sá þá að þar gekk fram snarbrött fönn niður frá jöklunum hið efra og fram á og framyfir einstigið á gilbarninum, sem hann var að klöngrast yfir. Fönnin var svo hörð, að fótur hans margaði hvergi á, og svo hál, að fót festi ekki á. Hann hafði ekki broddstaf og því síður öxi til að höggva spor í hjarnið. Hvað var til ráða? Snúa aftur og leita fyrir sér annarstaðar? Reynandi var það, ef nauðsyn krefði, en víst hafði þessi leiðin sýnst álitlegust, er hann nálgadist fjöllin. Vindur mikill og sívaxandi stóð niður af fjallshryggnum og hagléljagusur gengu þar yfir hann öðru hvoru. Hann var örmagna af þreytu, sveittur af göngunni, en þó undireins svo kalt, að honum lá við að skjálfa. Sól var látt á vesturloftinu og því skamt að bíða næturinnar. Það var vænlegast þá að bíða morguns. Hvarflaði þá göngumaðurinn niður fyrir klapparhyrnuna aftur í þeim tilgangi, að leita eftir skýli fyrir storminum niður með gilinu. Tók hann þá eftir því, að skúti nokkur gekk innundir klöppina vestanverða, örfá fót mál út frá slóð hans. Þar var fundið skýlið fyrir storminum og þangað skreið hann inn, en hvað? Þar voru þá bein,—mannabein! Skinin beinagrind lá þar í skútanum og augnatóftirnar tómar stöðu þarna á móti honum. Það fór hrollur um göngumanninn, en hvað var að óttast? Ekki þessi vesölu bein, sannarlega. Þau voru bara vottur þess, að hér hefði einhver farið á undan, en skort þrek til að komast lengra. Er þar var líka fleira í skútanum, þar var dálítill hrúga af smásteinum,—hafði verið hrófað upp í líkingu við vörðu, og út úr hrúgunni stóð samanbrotið pappírsblað. Af forvitni tók göngumaðurinn blaðið, rétti það úr brotunum og las þessi orð: „*Snúðu aftur, maður, snúðu aftur. Heim aftur í dalfeðrana. Þar er gott að vera. Hér ríkir vonleysið og dauðinn. Snúðu aftur!*“

Hver hafði skrifað þessi örvæntingarorð? Hafði hann gert

það maðurinn, sem nú var umhverfður í bleik og skinin bein? Eða hafði annar gert það síðar? Upp á þessar spurningar fékst ekkert svar.—Vindurinn óx og hvein hátt í klöppinni og með hverri hrinu heyrðist nú göngumanninum sagt „snúðu aftur, snúðu aftur“. Átti hann að hlýða þessum ítrekaða boðskap, er barst honum áþreifanlega, þar sem beinagrindin var sýnilega, þar sem orðin voru rituð á blaðinu og ímynduninni barst hann skilmerkilega í hrinum stormsins. Var það karlmannlegt, var það viturlegt, þegar ekki voru eftir nema fáein fótínál upp á þá sjónarhæð, er hlaut að sýna hvort vonin eða kvíðinn hefði meira til síns máls,—kvíðinn, að annar enn ferlegri fjallgarður væri lengra austur, vonin, að þetta væri hæsti og erfiðasti fjallgarðurinn og að öll þraut væri á enda, er yfir hann væri komið. Var það viturlegt að snúa þarna aftur? Nei, aftur skyldi hann ekki snúa að svo stöddu. Hann var kominn of nærri fjallsbrúnni til þess að snúa aftur án þess að skygnast eftir hvað beið manns fyrir handan jöklana. Og svo bjóst hann til hvíldar og svefnis við hliðina á beinagrindinni. Þar lét hann fyrirberast, og það alla nóttina, í svefni og í vöku var sem tvær skipandi raddir segðu á víxl í eyru honum: „Snúðu aftur“. „Óttastu ekki. Leita og munt þú finna“.

Gistingin í skútanum var köld, en hress og afþreyttur reis göngumaðurinn á fætur með morgni og gekk í annað sinn upp fyrir klapparhyrnuna, til að líta á leiðina framundan. Tók hann þá eftir því, að á bláhamri gljúfursins stóðu litlar steinyddur hér og þar upp úr hjarninu, og ekki lengra en svo á milli að seilast mátti af einni til annarar. Einmitt þarna varð hann að fara, eða að öðrum kosti að klifra niður aftur sömu leið og hann kom og leita að uppgöngu í öðrum stað. Hann hafði áður leitað eftir líklegustu uppgöngunni og hún virtist vera einmitt hér, en ekki annarsstaðar. Því þá að hika? Því ekki að treysta á steinyddurnar upp úr gaddinum? Það var að vísu ekki árennilegt, því hann þurfti þá hálfur að slúta yfir gínandi gljúfur, en hálfur hvíla á glerhálli snarbrattri fönn.

„Víst geymast bein mín eins vel í gljúfrinu því arna eins og annarsstaðar, ef svo vill verkast“, hugsaði göngumaður,

lagðist svo flatur, seildist í fyrstu steinydduna, hélt þar dauðahaldi og skreið svo áfram. Þannig dró hann sig áfram af einni steinyddu á aðra, og marinn og meiddur og hálfdaður af kulda komst hann svo yfir hraunröndina. Skömmu síðar stóð hann svo á hæstu fjallröndinni, setti hönd fyrir augu og horfði ýmist austur eða vestur. Þá sá hann og fann að ekki var til einskis barist, sá að vonin hafði á réttu máli að standa, en kvíðinn á röngu. Þrautirnar voru allar yfirbugaðar, eða því sem næst. Fjöll voru að vísu austurundan, en í samanburði við þau sem hann hafði verið að klifra yfir, voru það bara lágir hálsar skógi vaxnir, en íðgrænar grundir í breiðum og fögrum dölum milli hæðanna. Upp frá þessu hallaði virkilega undan fæti. Og að lyktum laust fyrir sólsetur hafði hann náð takmarkinu, því takmarki, að líta með eigin augum héraðið mikla, sem hann svo oft hafði heyrt talað um, en sem enginn vissi hvar var. Hann var komin á heiðarbrúnina austustu, og ekki eftir nema líttill spölur niður ahlíðandi brekkur, þangað til víðir vellir tóku við, með angandi blómum og silfurskærum lækjum. Sigurinn var fenginn. Hann var sáll í þeirri meðvitund, að hvorki hættur né þrautir höfðu hamlað honum frá að líta þetta dýrlega land framundan. Þar settist hann niður og naut unaðar meðan hann hvíldist. Og þegar geislastafir kvöldsólarinnar voru að hverfa á bak við fjöllin í vestri, þá reis hann öruggur á fætur og gekk niður seinustu heiðarbrekkuna.

Það var enn komið kvöld og hálförökkvað þegar göngumaðurinn nam staðar við útjaðar móðunnar, er áður hafði hann séð af heiðarbrúninni. Og það var virkileg móða, og þétt, eins og gufukúfur gysi þar hátt í loft. Hafði hann ekki vit að hverju það sætti, en sá nú að hún grúfði yfir fljóti miklu og straumhægu, og svo breiðu, að hvergi glórði í bakkana hinsvegar gegnum móðuna.

Mannmargt var á fljótsbakkanum og bátar margir voru þar af ýmsri stærð og með ýmsu lagi. Voru þetta ferjumenn með báta sína. Sumir bátarnir stóðu hálfir uppi á bakkanum, en sumir voru að fara frá landi, fermdir farþegjum. Og nú fyrst tók göngumaðurinn eftir því, að fjöldi fólks streymdi á

ferjustaðinn úr öllum áttum og æsktu allir eftir ferju til borgarinnar. Hið langþráða land göngumannsins var þá af þessu að dæma fyrir handan fljótið og alt þetta fólk var sjálsagt í sömu erindum og hann, að leita eftir betri bústað. Það var þá sjálf-sagt að ganga til þessara manna og fá far hjá einhverjum þeirra yfir um. Gerði hann það og varð þess þá brátt var, að ferju-menn beittu kappi miklu til að ná í farþegja, þó ekki sæi hann þörf á því, þar sem svo margir farþegjar buðust. Þeir voru í smá hópum um bakkann og slógu þar hring um hvern aðkomanda og eggjaði þá hver um sig hann fastlega á að fara með sér en ekki með hinum. Bátur hvers um sig var, að sögn þeirra, sá bezti í flotanum, en hinum var ekki treystandi á dýpið,—var annaðtveggja valtur eða lekahrip. Einn þeirra, mikill á velli, í skósiðri svartri hempu með krossmárki á brjósti, þreif til göngumannsins og bað hann að koma með sér. „Mitt far“, sagði hann, „er eina óhulta farið,—eina farið, sem að lögum hefir rétt til að flytja fólk. Eins og þú sér, er gamalt og gott lag á þessu fari og traust að viðum, enda konungur sjálfur yfirmaður þess. Fljótið er djúpt og breitt og því aldrei of varlega farið. Okkur til fulltingis höfum við líka í stafni líkneski Marfu meyjar, sem öllum vill vel. Fargjald tókum við bara einn tíunda af því sem þú hefir með þér af fémati. Er það dauð-, „billegt“ þegar á alt er litið. Kom þú með okkur. Þá ert þú hólpinn“.

„Nei, vinur. Hlýð ekki á orð skurðgoðadýrkenda þessara“, sagði þá annar, „og stofna þér ekki í háska með því að fara í nökkva þeirra, sem bæði er gamall og lekur. Kom þú með okkur á þessari lipru snekkju. Athugaðu bara muninn á efniviðnum í henni og nökkvanum, og þá dylst þér ekki að okkar far er tífalt traustara á sjó, og þó kosar farið ekki eyri meira hjá okkur en þeim. Eða þá lagið á henni, það er eitt-hvað myndarlegra að ferðast á henni heldur en á þessum úrelta nökkva.—Yfirsmiður snekkjunnar, Luther, hafði verið ferju-maður á nökkvanum lengi, en stökk úr vistinni um síðir, svo smíðaði hann snekkjuna og byrjaði að ferja upp á eigin reikn-

ing. Kom þú með okkur og skulum við ábyrgjast þér fljóta og greiða ferð.“

Þannig létu allir ferjumennirnir dæluna ganga og lá við stundum að í ilt færi, er einn lýtti og vitti far hinna fram úr hófi. Óvanur slíkum illdeilum sleit göngumaðurinn sig úr þvögunni og sneiddi hjá öðrum slíkum. Mitt á meðal þessara æðandi ferjumanna tók hann þá eftir hvar ferjumaður stóð og hafðist ekki að. Sáu þeir hvor annan jafnsuemma og ávarpaði þá ferjumaður göngumanninn undireins og bauð honum far með sér. „Ferju minni hrósa eg ekki sjálfur“, sagði hann, „en kom þú, vinur, og skoða hana gaumgæfilega sjálfur. Lítist þér hún nægilega traust, þá tak þér far með mér, ef ekki, þá skiljum við jafngóðir vinir fyrir því. Fargjald er hér ekkert ákveðið, en hver og einn borgar eins og hann álstur sanngjarnast, eða eins og efni leyfa. Þeir sem ekkert eiga, eru jafn velkomnir og þeir ríku. Þeir sem betur mega borga mismuninn. Þetta eru reglur okkar, en kom nú og skoða ferjuna“.

„Vel líst mér á ferjuna, en betur þó ef unt er á reglur ykkar“, sagði þá göngumaðurinn. „Og með þér tek eg far yfir fljótið. En seg mér því breytni ykkar hér á ferjustaðnum og reglur ykkar allar eru svo ólskar breytni og reglum allra hinna?“

„Munurinn kemur af því“, sagði ferjumaðurinn, „að þeir leggja ekki eins mikla áherzlu eins og við, eða eins og við reynum að leggja á, að framfylgja í öllu þessu mannúðarboðorði meistarans:

„það sem þér viljið að mennirnir geri yður, það eigið þér líka þeim að gera“.

NORLINGUR.



Skyrtusöngur.

eftir

THOMAS HOOD.

Með þróttvana, þreytta hönd,
með þrútin augu og rauð,
svo töturleg kona við sauma sat,
að siðmenning öll virtist dauð.
Spor ! spor ! spor !
við sparnað, hungur og þröng
með röddu, sem vitnaði' um reynslu og sorg
hún raulaði „skyrtusöng“.

„Strit ! strit ! strit !
fyr en stígur dagur úr sæ,
og strit ! strit ! strit !
fyr en stjörnur tindra' yfir bæ !
Ó, hvað er það verra' að heita þræll
þars Hundtyrkja klóin sterk
þig fjötrar, og konunni synjar um sál,
ef svona' eru kristinna verk?.

Strit ! strit ! strit !
unz stjórn er ei heilanum veitt;
strit ! strit ! strit !
unz starblint er augað og þreytt.
Saum og spjald og spöng,
spöng og auka og saum,
yfir tölunum fell eg í fasta svefn
og festi þær á í draum.

Þér menn ! — ó, menn, sem ást
gaf móðir, systir, víf !
ó, það er ei línið, sem þér vinnið slit,
nei, það eru mannleg líf !

Spor! spor! spor!
 við sparnað, örbyrgð og neyð
 eg skyrtuna sauma, þess sulturinn krefst—
 og sjálfri mér náklæði' um leið.

Hví dettur mér dauðinn í hug?—
 sem draugslega beinagrind,
 eg stari á hann, en hræðist ei,
 því hann er mín eigin mynd—
 já, mín er hann eigin mynd,
 svo marga' hef' eg hungurstund átt.
 Ó, drottinn, að brauð skuli borgað svo hátt!
 en blóð og hold svo látt!

Strit! strit! strit!
 á stritinu þrot sé eg ei. —
 En launin?—já—borðræfill—brotin stóll
 og—brauðskorpur—tuskur—og hey—
 og gólfslitin kytra með þurkrið þak,
 sem þolir ei regn eða vind. —
 Oft skuggann minn þessa, eg þegar hann ber
 á þilið, og leikur þar mynd.

Strit! strit! strit!
 Á stundarhvíld hefi' eg ei rétt!
 strit! strit! strit! —
 —eins og stórglæpum lög hafa sett. —
 Saum og spjald og spöng,
 spöng og auki og saum
 unz hjartað er veiklað og heilinn sljór
 og höndin máttvana' og aum.

Strit! strit! strit!
 þegar stormur er, haustlegt og kalt;
 strit! strit! strit!
 já, strit þegar vorbjart er alt

og inni undir þakskeggi sorglaus og sæl
 býr svalan og eggin sín ver,
 hún storkandi sýnir mér sólyljað bak,
 við sumarið hæðist að mér.

Ó, frelsi! — Lífsins loft,
 sem litblómum þroskar rót!
 og ómælis himinn of höfuð mér!
 og heiðgræna jörð undir fót!
 rétt svipstund! að finna mig sjálfa' eins og fyr,
 er söng eg um árdegi ljúft
 og vissi' ei hvað skorturinn sverfur sárt
 og sulturinn nagar djúpt.

Ó, hvíld! að eins hvíld eina stund!
 eg hygg ekki' á langsæla stund,
 ekki vonar né ástar né unaðarstund,
 en örstutta, grátfrjálsa stund;
 því hjartanu létti ef leyst væru tár
 úr læðingi í saltri gröf;
 en falli þau niður, mér nema þau starf,
 eru nálinni' og þræðinum töf!“

Með þróttvana, þreytta hönd,
 með þrútin augu og rauð,
 svo töturleg kona við sauma sat,
 að siðmenning öll virtist dauð.
 Spor! spor! spor!
 við sparnað, hungur og þröng,
 með hreimi, sem vitnaði um horfið þor—
 —ó, heyri það auðugir meðal vor—
 hún söng þenna „skyrтусöng“.

Sig. Júl. Jóhannesson.



LESTUR

EFTIR

GEORG BRANDES.

Það er alltítt í útlendum blöðum, að menn eru beðnir að leysa úr þeirri spurningu, hverjar hundrað bakur séu bestar og hentastar í gott bókasafn. Og svörin koma: Biblían og Róbinson, Hómer, og Hóras, Dante og Shakespeare, Holberg og Oehlenschlager, Goethe og Mickiewitz, Racine og Pascal, Arany og Petöfi, Carvantes og Calderon, Björnson og Ibsen, Tegnér og Runeberg, á ýmsa vegu alt eftir því, hvar spurt var um þetta og hverir svöruðu.

En einfaldni er það af báðum, bæði þeim sem spyrja og svara, að ímynda sér, að völ sé á hundrað bókum, sem öllum væru bestar.

Því ekki þarf mikla reynslu til að sannfærast um, að jafnvel ágætustu rit hrífa suma alls ekki, en hafa mikil áhrif á aðra, og aðrit, sem mönnum finst mikið um í ungðæmi sínu, eru einskisverð fyrir þá hina sömu, þegar þeir eru orðnir fullorðnir. Það er nálega ekkert til, sem öllum og ávalt er gott að lesa.

En þessu veita menn ekki mjög eftirtekt af því, að nú eru svo fáir sem yfirleitt geta lesið, nenna að lesa og hafa gagn af lestri sínum. Lesturinn er að kalla íþrótt, sem smádeyr út, frá því er hver hefir lært hana.

Af hundraði manna, sem kann að lesa, lesa 90 ekki annað en blöðin. Það er lestur, sem ekki er þreytandi; meun hlaupa yfir þá kafla, sem þarfnast íhugunar. Þeir sem lesa annað og meira en blöðin, lesa venjulega svo, að þeir gætu eins vel látið það ógert. Það er venjulegt viðkvæði margra: „Það er ekki til neins að tala við mig um þá bók; eg hefi víst reyndar lesið hana—að eg held—fyrir nokkrum árum—en eg hefi þann ágalla, að eg gleymi undir eins öllu sem eg les“.

Flestir lesa án þess þeir veiti því mikla eftirtekt, sem þeir eru að lesa. Svo mikið er víst að þeir gleyma því sem þeir

lesa. Margur er þar að auki ekki yfirleitt vanur við að skilja fullkomlega.--Svo er t. d. um marga, sem lesa bækur á útlendu máli; þeir fletta venjulega ekki upp þeim orðum í orðabókinni, sem þeir skilja ekki; þeir geta sér til hver meiningin muni vera—segja þeir—þeir skilja helminginn og það er þeim nóg. Þeir eru ekki vanir við að skilja nokkurntíma meira. Því ætti enginn höfundur að kippa sér upp við það, þó hann sæi misþýðingar og misprentanir í ritum sínum á útlendum tungum; enginn tekur eftir þeim.

Þegar það sem haft er yfir á ekki að skilja með skynseminni, eins og nú á sér t. d. stað um „lýrisk“ kvæði, afsalar lesarinn sér fyrirfram rétti til að skilja, hvað höfundurinn fer. Kunningi minn reyndi það einu sinni, að lesa upp kvæði Goethes „Guðinn og bajaderan“ í kvennahóp á þann hátt, að hann byrjaði hverja vísu á síðustu línunni og las upp eftir. Alt féll í hendingar, og öllum sem heyrðu, þótti kvæðið áhrifamikið“.

Áheyrendurnir fengu einhverja hugsun út úr því og meira en einhverja hugsun býst ekki áheyrandinn við að fá úr kvæði, einkun þegar þið er í útlendu máli, og dómurnar, sem þarna voru samankomnar, voru ekki vanar að skilja meira en þær skildu í þetta sinn. En ekki er að búast við miklu gagni af þess konar skilningi.

En þegar betur er íhuguð þessi tegund skilningsins og annað sem þessu er skylt, geta þessar spurningar orðið fyrir:

Af hverju eigum við að lesa?

Hvað eigum við að lesa?

Hvernig eigum við að lesa?

Það er ekki óþarft að spyrja svo. Einu sinni þegar eg var erlendis, hafði mér nokkurum sinnum verið boðið á heimili auðugs manns og málsmetandi, sem átti nokkurn þátt í listalífi borgarinnar, en eg hafði aldrei séð þar neinn bókaskáp eða hillu. Eg komst þá að því, að þar var enginn bókaskápur og engar bækur voru þar til á heimilinu, nema tvær eða þrjár, er lágu á dagstofuborðinu. En þér lesið þó eða hafið lesið talsvert?“ segi eg. „Ojá“, sagði hann, við erum oft í ferðalagi,

eins og þér vitið, og þá kaupum við talsvert af bókum, en við skiljum það alt af eftir á ferðinni". Og svo bætti hann því við til skýringar: „Menn lesa heldur ekki bók oft en einu sinni“.

Sá sem átti tal við mig hefði víst furðað sig á því, ef eg hefði svarað honum, að í þessu tilliti er sú undantekning regla, að einu sinni er sama sem aldrei, og að sá sem lætur það ógert að lesa góða bók oft en einu sinni, er einn af þeim sem efni hennar hefir engin áhrif á, því annars mundi hann lesa hana aftur. Þær bækur, sem mér þykir nokkurs um vert, hefi eg oft lesið meira en tíu sinnum; meira að segja er mér ekki hægt að segja, hversu oft eg hefi lesið sumar þeirra. Það er ekki unt að þekkja bók nema með því móti, að kunna hana spjalda á milli.

Menn eiga því ekki að lesa svo, að bókin verði eftir á förnun vegi, eins og eg sagði dæmið um.

Menn eiga líka að eiga bækur, ef þeir eiga kost á því. Sumir eiga engar bækur, þó þeir hafi efni til þess. Eg var eitt sinn í útlöndum í heimboði hjá ríkum listaverkasafnanda, sem átti safn, sem var miklu meira en miljónar virði, og þegar eg hafði skoðað málverkin hans, sagði eg: „Nú langar mig til að sjá bækurnar? Hvar eru þær?“ Hann svaraði mér með dálitlum ólundarsvip: „Eg safna ekki bókum“.—Hann átti enga bók.

Sumir láta sér nægja þann bókaforða, sem þeir geta fengið á lánsbókasöfnum.—Það er ilt, ef kostur er á öðru betra. Það er áreiðanlegt mark menningarskorts og smekkleysis t. d. á Þýzkalandi, að þar verður ekki þverfótað fyrir heldri konum í dýrindis kjólum í baðverunum, sem allar hafa grútskitna rómána í höndum úr lánsbókasöfnunum. Þeim mundi þykja minkun að lána fót eða ganga í fötum annara, en þær spara bóka kaupin. Þær lesa hverja söguna eftir aðra, og sú seinasta rekur allar hinar úr minninu. Aldrei lesa þær neitt upp aftur. Hefðarkonur af æðstu stigum á Þýzkalandi fá bækur að láni í Nicolai's lánsbókasafninu í Berlín.

Eins er um ríkisfólk, að því þykir sjaldan svo vænt um bók að það fari vel með hana og láti binda hana inn í hæfilegt band eða eftir smekk. Menn hafa enga hugmynd um efnið og engan persónulegan smekk.

Maðurinn, sem sagði mér að hann safnaði ekki bókum, sá enga þörf á því að lesa. Hann var af hinni efnuðu borgarastétt, og þess konar menn lesa mjög lítið annað en blöðin. Þeir hafa sjaldnast tíma eða rænu til að lesa. Sterkan áhuga og löngun til að lesa hafa á þessum tíma þeir einir af ólærðum mönnum, sem ekki hafa tíma og efni til þess, smælingjarnir, iðnaðarmenn og verkmenn. Meðal lærðra manna má auðvitað líka finna þenna áhuga til bókanna. En hjá þessum smælingjum er nú sá mentunarþorsti, sem gagntók hina efnuðu borgarastétt fyrir hundrað árum, en nú er hann sloknaður.

Af hverju eigum við að lesa?

er þá sú spurning, sem fyrst þarf að svara.

Eg vil ekki gera ofmikið úr þeirri þekkingu, sem lestur getur veitt. Margoft er hún óhjákvæmilega ekki annað en neyðarúrbót í staðinn fyrir beina þekkingu á lífinu og heiminum. Það er gagnlegra að fara í víðtækar ferðir, heldur en að lesa yfirgripsmiklar ferðasögur. Það er hægra að þekkja mennina í lífsstörfum þeirra en með því að rýna eftir þeim í bókum. Eg get farið lengra: Höggvar eða steiptar myndir, málverk og teikningar mestu listamanna eru lærdómsríkari en flestar bækur. Michelangelo, Tizian, Velazquez og Rembrandt hafa veitt mér dýpri þekkingu á mannlífinu en heil bókasöfn.

Bækur verðum vér yfirleitt að skoða sem fræði (teori). Álíka og læknirinn getur ekki lært vísindi sín af bóklestri einum, en verður að kynna sér sjúklingana sjálfa, eins getum vér ekki lært af bókunum, nema vér lærum jafnframt af lífinu. Ef vér höfum ekki nokkura þekkingu á mönnum, getum vér ekki einu sinni haft gagn af skáldsögu. Vér erum þá ekki færir að dæma um það, hvort hann sýnir réttar eða rangar myndir af lífinu, eins og það er.

Þetta sést best á því, hvernig oft er dæmt um góðar bækur. „Svona hugsar eða breytir enginn maður“—segja menn, sem þekkja að eins fáa og hafa aldrei skilið neitt af því sem fram hefir farið í mönnum í kringum þá. Menn kalla bækur illa ritaðar og óeðlilegar, ef þær eiga ekki við reynsluvið

sjálfra þeirra. En reynslusvið þeirra er í samanburði við mann-
lífið eins og gæsatjörn í samanburði við úthafið.

Við megum því ekki halda, að við öðlumst neiun, vísdóm
með því að gleypa í okkur bækur. Til þess að skilja og eign-
ast það brot af vísdómi, sem í bókinni er fólgið, þarf maður að
hafa margt til brunus að bera.

Hins vegar verður þó að játa það, að bækurnar hafa kosti
fram yfir mennina.

Þær koma hugsununum í hreyfingu, en það gera mennirnir
sjaldan.

Þær þegja, ef þær eru ekki spurðar; mennirnir eru sjaldan
svo varkárir. Er það ekki venjulegt, að menn koma heim til
okkar, sem eru okkur til óþæginda og leiðinda? Í vinnustofu
minni standa 7—8000 bækur, sem eru mér aldrei til óþæginda,
en oft til ánægju.

Þær eru sjaldan svo innihaldslausar, sem mennirnir, sem
stundum má segja um sem Goethe sagði: „Væru það bækur, þá
vildi eg ekki lesa þær“.

Ef menn vilja leyfa mér að segja blátt áfram, þá eigum við
að lesa til þess að bæta við okkar eigin reynslu annara manna
reynslu, sem okkur eru fremri að þekkingu. Við eigum að lesa af
því, að við fáum þá í vísindunum starf og rannsóknir heilla
alda þjappað saman og í hreinsaðri mynd, og í hinum rituðu
listaverkum er okkur sýnd einkennileg fegurð og menn, er elska
hið fagra, sem við getum ekki lært að þekkja á annan hátt.
Lesturinn getur veitt okkur skarpari greind og gert okkur hæf-
legri að veita því móttöku, sem mest er í varið.

Ög þó lesturinn veiti okkur ekkert annað en saklausu dægra-
stytting, er það líka mikils vert í leiðindum daglega lífsins og
eftir tilbreytingarlausu áreynslu. Eintómur skemtilestur er
heldur ekki metandi að engu—ef hann skemtir.

Nú mun margur segja: „Við eigum að lesa til þess að verða
betri menn“ og benda síðan á þær bækur, sem brýna það fyrir
mönnum, fremur en á aðrar bækur. Menn halda því fram að
bókmentirnar eigi að vera siðbætandi. Eg neita því ekki, að
lestur geti betrað menn, en það er mest undir því komið, hvern-

ig lesið er, og að þeirri spurningu er eg ekki kominn enn. En reyndar er óhætt að segja, að ekkert í heiminum betri menn minna en bækur þær og ræður, sem til þess eru gerðar, ekkert hefir leiðinlegri áhrif, þó ekki sé tekið tillit til, að ekkert er jafnlangt frá allri list. Álíka og ekki er unt að ala upp börnin með því að sneypa þau stöðugt, svo er ekki heldur hægt að ala menn upp með sífeldum prédikunum. Dæmið sjálf getur stundum haft siðbætandi áhrif, ef mikið kveður að því. Og það eitt. En siðkennandi bók er ekki dæmi. Allir þekkjja frá barnæsku þau boðorð, sem kenna að vera ekki eigingjarn, ljúga ekki, svíkja ekki og gera ekki öðrum mein. Vér þekkjum þau svo vel, að þau hafa engin áhrif á oss, enda þó þau sé sett fram í kvæði. Vér getum því ekki vænzt þess, að rithöfundurinn vinni að betrun vorri; það er honum ofætlun. Vér eigum að eins að krefjast þess af honum, að hann skrifi samvirkusamlega og hafi hæfileika til að kenna oss eitthvað.

Og vér getum forðast þær bækur, sem vér vitum að gera okkur að ónýtari mönnum.

En þá erum vér komnir að annari spurningunni:

Hvað lesum vér? Blöð. Því verður ekki neitað, að blaða lesturinn er orðinn öllum nauðsynlegur á þessum tíma, og er oft til skemtunar. Hann færir oss líka fljótlega og (stundum) áreiðanlega ýmsa þekkingu, sem vér þurfum að fá, þó hún sé reyndar mjög á dreif. Vér eirum engu, þegar vér erum komnir úr rúminu, nema vér þeytum undir eins um alla Evrópu, Asíu, Afríku og Ameríku. —

Oss þykir líka vænt um, að sjá vorat eigin skoðanir á prenti, þó þær séu oft varla annað en þeir hleypidómar, sem vér höfum lært af náunganum; vér viljum fá þessar skoðanir skýrðar og varðar á prenti betur en vér erum færir um sjálfir. Misendis lesendur misendis blaða þarfnast líka daglegra skamta af alls konar þvættingi og þvaðri um þrávatlíf manna, og eira ekki nema þeir sjái skammir í blöðunum um þá menn, sem eru sjálfstæðir í pólitík og öðru og hafa því ekki hylli múgans. Þetta er að minsta kosti skaplöstur Dana. Þó Danir séu orðlagðir fyrir það, hve þeir eru mikil góðmenni, eru þeir þó í

aðra röndina ótrúlega illkvitnir í smámunum. Á líkan hátt og aðrar þjóðir skemta sér við nautaat, hanaat og blóðnasir hnefaleikamanna, hefir danskur lýður ánægju af alls konar persónulegum ofsóknum og hneykslum, sem blóðin breiða út.

Það ertvent, sem eg vil minna blaðalesendur á, að þeir reyni að lesa eftirlatisblöð sín með nokkurri gagnrýni, og að þeir láti sér ekki svo nægja blaðalesturinn, að þeir lesi ekkert annað.

Eg byrjaði á því að bera á móti því, að nokkurar tilteknar bækur yrðu álitnar beztar handa öllum.

Meðal bókana er ein bók, sem jafnaðarlega er álitin bezt allra bóka til lesturs og hverjum manni. Það er biblían. Fáar bækur sanna betur, að mannflokkurinn yfirleitt kann ekki að lesa. Gamla testamentið, sem kallað er, hefir að geyma allt sem til er af fornhebreskum bókmentum á 800 ára bili, ásamt nokkurum bókum á grísku. Þetta eru rit, sem eru mjög misjöfn að gildi og af mjög ólíkum uppruna; eins og þau eru komin okkur í hendur, stafa þau frá afskriftum, sem seint eru tilkomnar, textinn er oft afbakaður og þar að auki misritaður af fjölda afskrifara; þau eru eignuð höfundum, sem ekki eiga einn staf í þeim, og eru nær því öll torveld að skilja, og þarf að hafa viðtæka sögulega þekkingu til þess að geta lesið þau svo að einhverju gagni sé.

Sumar af bókum Gamlatestamentisisins, svo sem rit þau sem kend eru við Jesaia, hafa að geyma nokkuð af hinum ágætasta skáldskap frá fornöldinni, sem til er, þar má og sjá um hið hreinasta réttlætislögmál og aðstu trúarbragðalega fullkomnu en, sem á þeim tíma (750—600 árum fyrir Krist) var á jörðinni. Aðrar bækur, svo sem Kroniku bækurnar, eru safn af fölsuðum frásögnum sögulegra atburða eftir presta frá síðari tíma og einskisvirði.

Allt þetta er fengið í hendur alþýðu nafra í löndum þótt-estanta sem væri það sönn sálubótarrit, og fjöldi manna hefir öldum saman fundið andlegt fóður, ekki einungis í hinum fögru og einkennilegu sögum, heldur í öðru lakara, svo sem því, hver guðsmaður Davíð konungur hafi verið, sem þó var mörðingi og

föðurlandssvikari. Almennigur heldur að hann hafi ort sálma sem hann á ekki einn staf í og lesarinn skilur ekki helminginn af.—

Þetta sannar ljósast, hvernig lestur þessara rita villir hugsunarhátt manna.

En verði ekki þessi bók álitin góð lesning öllum jafnt, hvað ætti þá að segja um hin fornaldarritin? Á flestum efnuðum heimilum eru „klassísku“ ritin, sem kölluð eru, höfð í bóka-skápnum. En þau eru þar reyndar mest til prýðis, eru sjaldan eða aldrei lesin, og menn hafa litla skemtun af að líta í þau, af því það er að eins af hendingu, ef menn skilja þau. Þessir fornu höfundar hafa ritað fyrir hinar fyrri kynslóðir og er því venjulega ýmislegt í ritum þeirra, sem hin upprennandi kynslóð skilur ekki. Hún á að byrja á því að lesa þær bækur sem rit- aðar eru handa þeirri kynslóð, sem nú lifir. Þær skilur æsku- lýðurinn til hlítar, og síðan er vegurinn greiðari til hinna miklu rithöfunda fornaldarinnar. Klassísku ritin í bóka-skápnum eru oft merki um ósjálfstæði eigandans. Hann hefir tekið það eft- ir öðrum, að fá sér þessi rit, sem honum sjálfum þykir ekkert í varið.

Miðlungsmönnum er venjulega illa við allar nýjar hugsanir og nýja háttu. Meiri hluti manna stendur jafnan öndverður snildarmönnunum meðan þeir eru á lífi—nema þeir verði mjög gamlir. Meinn skyldu ekki undrast það, að þeir lifa og deyja án þess þeir sé viðurkendir; hitt gegnir meiri furðu, að menn við- urkenna þá stundum.—Þetta kemur af þeim sigurkrafti, sem fölginn er í því sem ber af öðru. Hið góða ryður sér ætíð til rúms í miðlungsmúgnum. Mest er þó undir því komið, að fá- einir menn, sem þekkingu hafa eða listasmekk, kveði hástöfum lof góðra bóka og listaverka, svo að oddborgaraskapurinn fælist fyrst og verði hræddur við, að honum verði brugðið um heimsku, ef hann heldur áfram háði sínu eða fyrirlitningu, og síðan dáleiði brautryðjendurnir þorrann, sem loks fer að halda, að það sem gott er sé gott, venjast við það og þykja það að lokum í raun og veru gott.

Það er auðvitað rétt, að menn reyni að velja sér sameigin-

legan og fastan mentunargrundvöll, að menn fái börnunum í hendur ævintýri Róbinson, Odysseifskviðu, láti drengi eða stúlkur lesa Walter Scott, láti unglinga lesa Falstaff og Don Quijot (kikott), unga menn kynna sér það sem þeim er aðgengi-legt af Shakespeare og Goethe. Það væri líka óeðlilegt, að ala svo upp unglingana, að þeir þektu ekki beztu rithöfunda á móðurmáli sínu. Danskur unglingur, sem ekki þekkir „Jeppe paa Bjerget“ og „Erasmus Montanus“, verður utan við menn-ingarsvið landsmanna sinna.

En það er mark um ósérleik, að svo fáir hafa eftirlæti á einstökum höfundum eða bókum, sem þeim þykir sérstaklega vænt um og ekki eru á hinni beinu alfaraleið bókmentanna. Þó kemur það stundum fyrir. Nú er t. d. ekki lengur lesið neitt eftir enska höfundinn Gibbon. Þó þekki eg þýzkt skáld og málara, sem sífellt les rit hans um hrun Rómaveldis með un-aði. Viðsýni Gibbons, frjálsleiki í hugsuninni og óvenjuleg leikni í frásögninni veitir ritum hans ævarandi gildi, og þessi lesandi hans hefir þar fundið þann söguneistara, sem kennir honum mest, sem honum geðjast að öllu leyti bezt að.

Í Danmörku hefir Kristján Zahrtmann málari lesið bók Leónóru Kristínar [dóttur Kristjáns fjórða], „Jammersminde“. svo innilega, hvað eftir annað og mörgum árum saman, að bókin er orðin lifandi í honum og hefir getið af sér langa runu af góðum og frumlegum málverkum. Vér eigum að lesa af-bragðsbækur eins og hann hefir lesið þá bók. Því er miður, að frumleiki og sérleiki er svo fátíður hjá oss.

Menn munu spyrja, hvernig eg fari að því að finna þær bækum, sem mér líka. Það er æfinlega vandi. Eg veit ekk-ert örugt ráð til þess fremur en til þess, að finna þá menn, sem vér höfum gleði og ánægju af að þekkja. En hægt er að vara við þeim leiðum, sem ekki stefna að takmarkinu, eða fara í kringum það.

Sumir menn halda, að þeir þurfi ekki sjálfir að lesa bæk-urnar, þeim sé nóg að vita á annan hátt það sem í þeim stend-ur. Menn vilja helst hafa yfirsýn yfir alt, og halda að þeir verði fróðastir, ef þeir geta ginið yfir sem mestu; þeir fá sér því bæk-

ur, sem byrja á sköpun heimsins, og enda á vorum dögum, heimsbókmentasögur, sem kallaðar eru.

Menn ættu að lesa þess konar bækur varlega. Enginn einstakur maður er fær um að skrifa þær, og eins og þær eru skrifaðar er hættara við að þær heimski menn en fræði. Höfundur slíkrar bókar talar um bækur á fimtíu tungum, og þekkir þó að eins fáar af þeim. Þó hann hefði byrjað að lesa í móðurlífi og aldrei lifað eins og maður, aldrei sofð, aldrei etið eða drukk-
ið, en að eins lesið þangað til hann gaf út bókina, hefði hann ekki fengið tíma til að lesa meira en lítinn hluta af þeim bókum, sem hann talar um og dæmir um. Hann þekkir það því sjálfur mjög ófullkomlega, sem hann vill kennda öðrum að þekkja, og fræðslan hlýtur að fara eftir því.

Bók sem á að leiðbeina, verður annaðhvort að hljóða um eitt einstakt land, eða ákveðið, stutt tímabil. Því styttra sem tímabilið er, því betri er hún venjulega. Þó efnið sé lítið fyrirferðar, þarf ekki bókin að vera lítilsvirði fyrir því. Það sem er mikils vert og viðtækt, kemur ekki fram með því að menn gíni yfir afarmiklu efni, heldur er það komið undir því að meistaralega sé farið með efnið, undir vísýni höfundarins. Hið óendanlega er ekki ógurlega mikið, en það kemur fram við líkingalega meðferð hins einstaka. Náttúrufræðingurinn getur farið svo með skordýrið, að það gefi mönnum skilning á alheiminum. Á þann hátt fer afbragðrithöfundur ætíð líkingalega með efni sitt. Þótt hann riti um stutt tímabil, eða einstakan mann, lætur hann koma í ljós þau lög, sem ráða allri framleiðslu og andlegu starfi, með því, hvernig hann sýnir efnið, skýrir efnið og dæmir efnið.

Varist því hið mikla útsýni eða yfirlit! Fáíð yður í staðinn „Viðtalsbók“ (Konversationsleksikon). Leksikonin eru ekki persónuleg. Þau eiga ekki að hafa að geyma annað en fróðleik, áreiðanlegar upplýsingar um menn og verk þeirra.

Nú á dögum hafa menn einskonar hjátrú á almennri mentun—og hún er orð sem eg er hræddur við. Menn lesa til þess að fá almenna mentun. Hún verður þá oft svo almenn, að hún verður engin mentun í sjálfu sér. Menn lesa um hvali, um

Kongóríkið, um sjónleikalist, um tennur, um sósíalístana í Baiern, um þjóðvísur í Serbíu og um stjórnarbyltinguna 1830, alt saman til þess að verða mentaðri.

En allir menn, sem kunna eitthvað, kunna eitthvað sérstakt. Frá þessu sérstaka eru leiðir til hins almenna. En miklu færri leiðir liggja út af almenningum til sérþekkingarinnar.

Ef því er spurt að því, hvað menn eigi að lesa, svara eg: „Lesið heldur tíu bækur um einn hlut eða einn mann, en hundrad bækur um hundrad hluti.

Gerum, að einhver vildi reyna að kynna sér parlamentsstöðindin ensku. Væri þá nokkurt vit í því, að hann tæki „Hansard“, þ. e. safn af hinum hraðrituðu parlamentstöðindum, og reyndi að lesa þau frá nokkrum áratugum? Hann yrði vist enn vitlausari eftir en áður.

Eg fór einu sinni að hugsa af alvöru um hinn enska stjórnáramann Beaconsfield, sem líka var skáld. Eg hugsaði eingöngu um hann í fyrstu, og fór að lesa skáldsögur hans; þar næst fór eg að kynna mér stjórnarstörf hans. Þá kom eg að ræðum hans í parlamentinu. Og af því að þetta hugðarmál mitt átti sér þungamiðju, lét eg mér umhugað um allar þessar ræður, sem voru þó um efni, sem mér komu alls ekki við, og ekki einungis ræður hans, heldur ræður flokksmanna hans og einkum mótstöðumanna hans og óvina. Með þessu móti dróst að mér mikill kaflí af stjórnarsögu Englands, sem annars hefði verið fjarri mér.

Því: Ef þér verður umhugað um einhvern mann eða málefni, lesari góður, þá skal eg kenna þér áðið. Söktu þér niður í höfundinn og málefnið. Þú lærir margsinnis meira á því en að sökkva þér niður í þúsund málefni og menn. Viðfangsefnið teygist út fyrir augum þér og þenur sig smámsaman yfir heilan sjóndeildarhring. Það er sama og að horfa út í himinblámann.

Þegar öllu er á botninn hvolft, er miklu minna komið undir, hvað lesið er, en að vel sé lesið.

Þar með er þó ekki sagt, að ekki séu til ónýtar bækur, sem

gagnslaust væri að lesa. Menn vara við hættulegum bókum, og stundum eru þær bækur hættulegar, sem svo eru kallaðar. En hættulegar eru ekki þær bækur einar, sem reyna að vekja fýsnir ungra lesenda eða auka léttúð þeirra og leti, heldur og þær, sem gera mikið úr því eða dást að því, sem er einskisvert eða ómannlegt, eða breiða út hleypidóma og gera frjálslýndi og framfaraviðleitni tortryggilega.

Gagnid og skaðsemina, hættuna og hættuleysið verður þó að miða við hvernig á stendur. Bækur, sem gefa barnalegar og því villandi ímyndir af mannseðlinu (eins og t. d. hinir sögulegu rómanar Ingemanns), má ef til vill fá í hendur 10—12 ára börnum, án þess þau hafi ilt af því, en eldri börn er hætt við að slíkar bækur geri ónýtari. Bækur, sem fullorðnir menn hafa ekkert gagn af að lesa, geta verið skemtandi og gagnlegar fyrir börn. Á sama hátt eru til margar bækur, sem lýsa löstum og ástríðum, án þess að það sé gert í illum tilgangi, og væri rangt að leyfa unglingum að lesa þær, en þær geta eigi að síður verið hæfar fyrir þroskaðri menn og ste.kari á svellinu, og eru því í sínu gildi.

Leiðinlegar bækur eru nær því jafnillar og skaðlegar bækur, og það er hjátrú að virða nokkurs þá alvöru og þann lærdóm, sem okkur finst leiðinlegur. Leiðinlegar bækur fæla lesandann frá að afla sér þekkingar.

Sögulegar bækur eru t. d. oft voða-leiðinlegar; menn stritast við að lesa í þeim og telja það skyldu. Eyddu ekki tíma þínum á svo hnjóskþurru svæði, nema þú sért að leita að einhverju. Brjóttu ekki tennurnar á því grjóti. Sagan getur verið og á að vera skemtilegust allra námsgreina. Mér finst það vera enn þá skemtilegra, að fá að vita um menn, sem hafa verið til, en um hina, sem ekki hafa verið til, þótt þeir séu búnir til eftir réttum fyrirmyndum. En söguritararnir leggja stundum of lítið á sig, lýsa mönnunum að utan, án þess þeir hafi kannað innviðuna.

Eg sat eitt kveld í þýzkum háskólabæ við hliðina á prófessor í sögu, og sagði hann mér að hann væri að rita sögu Bothwells, vinar Maríu Stuart, sem drap Darnley. Mér varð að

orði: „Það hlýtur að vera erfitt fyrir yður, að fara nærri um hugsunarhátt hans“.—„Og þess þarf ekki; eg hefi öll málskjölin í höndunum“. Mér er enn þetta svar í fersku minni eftir tuttugu ár.—Skjölin voru þar, en enginn lífs andi, enginn persónuleiki skapaður af höfundinum.

Lesið aftur á móti aðrar eins bækur og „Cromwell“ eftir Carlyle og 1. bindi af Friðriki mikla eftir sama höfund, eða Frakklandssögu eftir Michelet, eða Rómverjasögu eftir Mommsen. Þar koma söguhetjurnar lifandi á móti lesandanum.

(Niðurl. næst).



Tilboð prestsins.

Eftir Vífil Djákna.

Eins og kapellan okkar sé ekki nógu veglegt hús, og samt lætur sumt fólk svo eins og hún væri reglulegasta bæjarskömm. En eg get sagt ykkur það, að veldi drottins er ekki eingöngu bundið við voldug musteri með fagurlituddum gluggum og himingnæfandi turnum,—því það get eg sagt, að þótt hún sé rétt úr einföldum múrsteini og kalki, þá er ekki nokkur sá staður til hér í bænum, þar sem evangelíum hefir borið huggunarríkari ávöxt en rétt hér í litlu kapellunni okkar.

Þeir eru orðnir margir, sem leiddir hafa verið út úr myrkrinu og inn til ljóssins yfir í litlu kapellunni okkar í þessi tvö ár og tuttugu, sem eg hefi verið þar djákna myndin—og fleiri en einum brandi hefi eg beinlínis sjálfur bjargað út úr loganum.—Ekki svo að skilja að eg sé að státa af því, sem guði hefir þóknast að gera fyrir kraft minna handa, fjarri fer því,—en samt, þá var það þó sæll dagur í lífi mínu þegar Geirfinnur heitinn gerðist ungbarn í annað sinn og stóð upp og gerði sína góðu játningu sabbatsdaginn eftir.

„Kæru landar“, sagði hann, og fór úr treyjunni og fletti upp skyrtuermunum. „Horfið á þessa handleggi. Þið vitið hvað oft eg hefi slegist og barist með þeim um æfina, en eg hefi altaf barist fyrir djöfulinn; það er það sem eg hefi gert. En, Vífill!—það er eg—hefir nú komið mér yfir á hina hliðina og nú skal eg berjast bara upp á lífið fyrir drottinn minn, og sá sem þorir að koma til kasts við mig, skal, svei mér fá það!“

Og hann skók hnefana, barði þeim ofan í bekkinn svo brakaði í hverju tré, en við öll sömul æptum: Hallelúja! Það var dásamlegt, eg skal segja ykkur það, og eg var svo yfirkominn af fögnuði yfir því, hvílikt dásamlegt verkfæri eg væri í skaparans hendi, að eg bauð Geirfinni heim með mér um kveldið til matar.

Og við höfum verið lánsamir líka með prestana okkar um mína daga. Auðvitað er það ekki öllum, sem gefið er jafnmikið andríki, þó þeir haldi það kannske, þeir góðu menn, og eg og Páll djákni, sem gæddir erum góðri dómgreind; við höfum oft orðið að segja þeim það, að það væri meira af hinum veraldlega mammoni í ræðum þeirra, en heilögum ritningarinnar orðum.

Við erum einfalt almúgafólk kapellufólkið, og gefum fjandann fyrir alt rósamál og ræðu útflúr. Það sem okkur líkar best er nóg af síteringum rækilega heimfærðum upp á daglega bresti og sá prestur, sem ekki getur brúkað hendurnar eins vel og tunguna, eftir að hann er kominn upp í stólinn, er að okkar álitu ekki túskildingsvirði.

Ekki svo að skilja, að við nokkurntíma móðgum nokkurn prest, með því, að segja honum afdráttarlaust hvað við höldum um hann,—nema einu sinni, og það var ekki af því við findum neitt að ræðunni. Við höfðum aldrei neitt út á hana að setja. En það var af því við klemdum hann, og hann fór burtu með þá hugmynd að fólkið í Marpleton væri ekki alt þar sem það væri séð. En það var slæmt, að hann skyldi reiðast, því hann var ágætur prestur, en hann kom aldrei framár nálægt kapellunni okkar.

Það vildi til þannig. Á hverju ári höfum við afmælishátíð

kapellunnar, þá tókum við samskot morgun, miðdag og kveld, fyrir „Sjóðinn“. Þá biðjum við vanalega söfnuðinn í Burchester að senda okkur prest við það tækifæri. Nú fyrir eitthvað tíu árum síðan, nokkru fyrir afmælishátíðina, sagði fólknið yfir í Burchester okkur, að það ætlaði að senda okkur séra Ebeneazar Kripp, kröftugan ræðumann og andríkan. Það þótti okkur góð tíðindi í fyrstu, en svo á markaðsdaginn rétt fyrir afmælishátíðina, fór Páll djákni yfir til Burchester og kom við hjá mér í bakaleið.

„Þarna með prestinn á sunnudaginn kemur“, sagði hann.

„Já, hvað um hann?“ sagði eg, „ekkert ilt, vona eg?“

„Nei, ekkert ilt raunar, hann kvað vera andríkur orðsins flytjandi, eða svo sögðu þeir mér, já, hann er sagður bezt prestur. En hann gefur aldrei neitt til samskotanna; en kvað vera vanur að lofa fimm dölum með vissu skilyrði. Svo vildu þeir ekki segja neitt meira um hann, en sögðu við myndum komast að því sjálfir, þegar hann kæmi“.

„Hjálpi mér, það er hörmulegt“, sagði eg, „því nú þurfum við peninga um fram alt,—fimmtíu til sextíu dali“.

„Eg held eg viti það“, svaraði Páll, „en það sem verra er, við höfum aldrei á nokkurri afmælishátíð komist upp fyrir \$25- og það með því sem presturinn hefir gefið“.

Sunnudagsmorguninn næsti kom og séra Ebeneazar var til staðins. Hann var hár maður, beinaber, í dökkum frakka. hneptum upp í háls, en skegg hans svart og sítt huldi hnezlu-barminn ofan að miðju. Eg og Páll tókuin á móti honum við kyrkjudyrnar og heilsuðum honum með handabandi.

„Góðan daginn, bróðir“, sagði eg, „eg vona þér forkið því í þá í dag“.

„Hverju sem drottinn blæs mér í brjóst mun eg ekki þegja yfir“, svaraði hann.

„Auðvitað“, sagði Páll djákni, „það er hið sanna evangelíum, það er þó satt. En eg vona að drottinn hvísli að yður einu eða tveimur orðum um samskotin. En ef hann gerir það ekki, þá segið þér kannske eitthvað frá sjálfum yður; við þurfum þess sannarlega með fyrir Sjóðinn.“

„Hvað er það mesta, sem þér hafið nokkru sinni fengið, bræður mínir“, spurði prestur.

„Tuttugu og fimm dalir og fimtíu og fjögur cents“, svaraði eg.

„Já, vér skulum hafa það í huga; vér verðum að reyna að hafa það meira ef hægt er“.

Svo messaði hann bæði um morguninn og eftir hádegið. Ræðurnar voru báðar mikið góðar, svo jafnvel bróðir Rikáll varð meira en orðsins heyrandi. Hann hrópaði endrum og eins: A-næn, þegar prestur lýsti fordæmingu þeirri, sem illgerðamenn eiga í vændum. Þær voru voðalegar. En það gerði okkur ósegjanlega mikið gott að heyra það, við vissum hvort sem var, að við tilheyrðum þeim útvöldu og þurftum engar áhyggjur að bera. Svo kom kveldmessan. Litla kapellan var troðfull og eg játa, að það var sjón sem gladdi gedið.

Prestur talaði mikið um kyrkjusjóðinn, og undir það síðasta fór hann að ympra máls á samskotunum. Alt í einu segir hann mjög vingjarnlega og brosandí:

„Kæru vinir. Eg vildi að þessi dagur gæti orðið ykkur eftirminnilegur örlætisdagur. Oss er sagt að þér hafið aldrei safnað meira en \$25 nokkurn sunnudag enn sem komið er. Vér verðum að gera betur í kveld. Í morgun og nú eftir hádegið hafa samskotin orðið að samtöldu \$15.36. Nú skulum vér segja yður hvað vér skulum gera yður til upphvatningar, að þér þess fúsari framberið drottni yðar offur. Vér komum hér í dag með \$5 seðil. Vér létum hann ekki á offurdiskinn í morgun; vér létum hann ekki á offurdiskinn eftir hádegið í dag. En hann er í vasa vorum enn. En ef þér nú hafið samskotin upp í \$45 í dag, skulum vér gefa þenna seðil, svo það verði réttir \$50. En ef ekki“, bætti hann við brosandí, „þá fer þessi seðill heim með oss í kvöld, og þér sjáið hann aldrei framar. En syngjum nú offursálminn, kæru bræður, og látið nú sjá hvað þér getið“.

Páll djákni sat við hliðina á mér og gaf mér olnbogaskot.

„Þetta eru hans brögð“, hvíslaði hann. „Nú skil eg hvað þeir áttu við í Burchester, er þeir sögðu mér að hafa gætur á \$5

seðlinum hans. En okkur verður það ómögulegt. Hann veit að sér er óhætt; sjáðu brosið á honum!"

„Djákni“, sagði eg, „við verðum að ná þessum \$5 út úr honum einhvernveginn. Láttu ekki nokkurn annan, konu eða barn sleppa, þegar þú ferð eftir samskotunum“.

„Trúið mér“, svaraði hann.

Það var vani hjá okkur djáknum að við fórum með diskana milli messufólksins meðan verið var að syngja sálminn og þaðan fram í andyrið og töldum þar peningana, en annar skrifaði á miða upphæðina og fengum svo prestinum miðann, svo hann gæti tilkynt frá stólnum hvað upphæðin væri. Það var sungin sálmur venju fremur langur þetta kvöld, og það voru eftir mörg vers þegar við Páll fórum að telja. Þegar við vorum búnir, horfðum við hvor framan í annan, og loks sagði Páll:

„Fólkið hefir gert sitt besta, en það er ekki til neins við — —“.

„Núu dalir 33 cent uppá \$45“, sagði eg. „Hann fer heim með sína \$5 aftur, sá góði mann. En skrifadu niður fljótt“.

Og hann upp með blýantinn, en stanzaði við um eitt augnablik. Þeir voru rétt að byrja að syngja síðasta versíð.

„Eg skal segja þér“, sagði hann, „við skulum gera aðra atrennu að hafa þá út úr honum“.

„En hvernig?“

„Hvernig. Sjáðu nú til. Tókstu eftir því að hann harðlokar augunum í hvert skipti sem hann flytur bæn?“

„Já, hvað um það?“ sagði eg.

„Hvað um það. Hann hlýtur að hafa bæn nú á eftir þessum sálmni. Og þá er tækifæri. Við skulum smokra okkur gætilega á milli fólksins og fá það til að gefa svolítið meira. Og ef það vill ekki geía, þá að fá lánað hjá því. En þessa \$9.33 verðum við að fá. Far þú til ekkjunnar hans Allans, hún fékk lífsábyrgðarpeninga eftir manninn, og til Jóseps og bróður Rík-áls. Þú getur hvíslað að þeim hvernig sakir standi, en blessaður láttu hann ekki heyra hvað standi til. Eg skal gera hvað eg get. En við skulum bíða þangað til hann fer að biðjast fyrir.“

Páll var glúrinn karl, það var það sem hann var, og eg var

ljótur að fallast á þetta. Eftir að sálmurinn var búin, varð þögn nokkur augnablik, en við hringluðum í peningunum, eins og við værum ekki búnir að telja. Þá heyrðum við hann segja: „Kæru bræður. Látum oss biðja“.

Við inn með sama. Jú, hann hafði lokað augunum, það var áreiðanlega víst. Eg skauzt til ekkju Allans og sagði henni hversu komið var. „Parna er kvartur í viðbót“, sagði hún og fékk mér skildinginn.

Jósep var öllu tregari. Loks segir hann: „Eg skal lána þér hálfan dal, ef þú lofar mér að borga hann aftur“. „Já, sjálfsagt“, sagði eg. Svo fékk eg tvo eða þrjá kvarta í viðbót, en mest koparpeninga, þangað til eg kom til bróður Ríkals, en hann sat aftan til í kyrkjuni. Hann var nízkasti nirfillinn í bænum og átti nóga peninga.—Séra Ebeneazar Kripp brýndi nú röddina meira en áður.

„Rikáll“, sagði eg. „við þurfum að fá svolítið meiri peninga, svo við getum náð þessum \$5 hans; viltu ekki hjálpa okkur til þess?“

Það birti yfir honum, en segir svo: „Eg gaf 10c. áðan og eg get ekki gefið meira, því heysprettan er ekki — —“.

„Það er ekki um grastíð að raða; við verðum að ná þessum \$5“, sagði eg. „Viltu lána okkur nokkra dali?“

Í því kom Páll og spurði mig hvað eg hefði. Eg sagði honum það strax. „Drottinn hjálpi okkur! Rikáll blessaður, lánaðu okkur \$5 ef þú getur ekki gefið þá“, sagði hann.

„Ef eg héldi að þið mynduð nokkurntíma borga þá“.

„Og við skulum borga þá; bara strax með þá“.

„En eg hefi að eins orð ykkar fyrir því“.

„Já, hvað viltu fá?“

„Eg vil fá handskrift ykkar upp á það“, hvíslaði hann og röddin var óskýr.

„Jæja, kondu fljótt fram í andyrið og flýttu þér maður; hann er rétt að enda við“.

Við hnosuðum karlinum með okkur og Páll reif í snatri blað úr vasabók sinni og skrifaði. „Að sólarhr. liðnum lofumst

við til að borga J. Rikáll \$5.00“. Svo var það dagsett og við skrifuðum báðir undir.

Rikáll horfði á miðann, dró svo upp dalina og eg lagði svo saman upphæðina.

Við hröðuðum okkur inn í kyrkju. Presturinn var rétt að enda við þegar eg fékk honum miðann.

„Er þetta rétt hjá yður?“

„Það er, og lofum drottinn!“

Hann varð rauður sem glóð í framan. „Eg—eg verð að sjá það“, segir hann svo og roðnaði altaf meira; „hvar eru peningarnir?“ Eg færði honum diskinn og hann taldi.

„Kæru vinir“, segir hann svo. „Samskotin í dag hafa náð \$45.07“.

„Hallelujah!“ hrópaði allur söfnuðurinn. „Það hefði eg aldrei hugsað“, sagði hann með vandræðabrosi, „að þessir \$5 yrði hér eftir. En eg sagði að ef þér hefðuð saman \$45 skyldi eg bæta við svo samskotin yrði \$50 og við það verð eg að standa. Ef eg nú tek 7 cent af diskinnum og læt \$5 í staðinn, þá stendur alt heima“. Og svo tók hann 7 centin.

Þar næst sungum við útgönguversíð og við hreint hljóðuðum það sem við gátum. En presturinn fór rակleidis ofan úr stólnum og sagði ekki orð við neinn. Nei, hann einu sinni tók ekki í hendina á mér eða Páli, en eins og sneiptur hvölpur með skottið á milli fótanna æddi beint af til Burchester.

Daginn eftir kom Rikáll til Páls djákna og hafði með sér handskriftina og bað um peningana. Djákninn fékk honum dalina, og tók við handskriftinni, en bætti svo við með vingaþjarnlegu brosi:

„Eg ætla að prédika yfir í kapellunni næsta sunnudag, Rikáll“.

„Nú, hvað um það?“ spurði Rikáll.

„Eg ætla að sýna þeim þenna bréfmiða og segja þeim hvað þú varst höfðinglegur í þér í gærkveldi, Rikáll“.

„Þú skalt ekki! Þú þorir ekki!“ sagði hann.

„Jú, eg skal, eg skal segja þeim alla söguna, að þú þorðir

ekki og vildir ekki lána drottni eina \$5, án þess að taka fyrir því handskrift“.

Bróðir Rikáll fór að segja hitt og annað, en djákni tók fram í. „Þessi orð hæfa varla kristnum manni, en eg skal segja þér hvað eg skal gera. Fáðu mér dalina aftur og eg skal brenna þenna miða og svo segjum við ekkert um það meira“.


Að lokum fékk bróðir Rikáll honum dalina, en djákninn sefaði hann svolítið, talaði blítt við hann og sagði honum hversu drottinn elskaði þá sem gæfu af heilum huga.

En Burchester-fólkið spurði okkur oft eftir því hvernig við hefðum náð í dalina prestsins.

En við sögðum þeim ætíð drýgindalega, að fólkið í Marpleton kynni að telja skildingana, þó smápeningar væri.

En prestur gerði aldrei samskonar tilboð aftur. Að minsta kosti ekki svo framfarlega sem eg hefi heyrt.

En hann var góður prestur og kröftugur prédikari.



Leiðréttingar.



Í vísunum „Undir aðfall“, er orðamunur hjá okkur Heimi:

I. 4. erindi, 3. hending. Heimir kveður svo:

Og um *vorsins* eyði-strönd.

Eg kvað: Og um *versins* eyði-strönd.

III. síðasta er. 2. hend. Heimir kveður svo:

Glymt er upp á landi.

Eg kvað: *Geymt* er upp á landi.

Vinsaml.

Stephan G. Stephansson.



Pistill Einars Hjörleifssonar í „Norðurlandi“.

Það hefir skilist á ýnsum, að Heimir hafi sagt of mikið eða verið of berorður í ritgerðinni: „Leiðtogarnir og blöðin“. Oss er það að vísu ekki mikill harmur þótt eiuhverjir kunni að líta svo á það mál. Það er skoðun vor, að hver saga ætti að segjast eins og hún er, en ekki vera færð í stýl kaffi-snakks eða bæjarlaðurs. Það er bæði veigalítil kurteisí og vesall fínleiki, sem ekki þola að sagt sé satt. Í þessu efni mætti benda þeim hinum sömu á kafla þann, er hér fer á eftir, úr grein eftir Einar Hjörleifsson í „Norðurlandi“:

* * *

„Ungir menn geta verið andlegir karlfauskar, fullir af smásmuglegri hagsmuna græðgi, vindþurkaðir af hrokabelgingi og þar fram eftir götunum. Og gráhærð gamalmenni geta verið æskumenn í andlegum skilningi, fullir af þrá eftir sannleik og réttlæti og fullir af lotningu fyrir sannleiks- og frelsis-baráttu, hvar sem hún er háð.“

Mennirnir sjá ekki út úr augunum fyrir öllu, sem þeim er ætlað að hafa hliðsjón á.—Þeim er ætlað að varast það að spilla á nokkurn hátt fyrir sér eða afkomendum sínum efnalega. Þeim er ætlað að gæta þess vandlega að engir missi traust á þeim—ekki heldur vitleysingjarnir. Þeim er ætlað að taka ekki að sér nokkurn sannleika, sem á einhvern hátt getur spilt fyrir þeim flokki, sem þeim tilheyrir. Þeim er ætlað að segja engan sannleika, sem getur orðið hleypidómafullum mönnum til ásteytingar.—Þessari runu mætti halda áfram, eg veit ekki hvað lengi. Alt af er verið að hlaða utan um mennina haugum af því, sem þeir eiga að taka til greina. Alt eiga þeir að taka til greina—nema sannleikann, það, sem þeir sjálfir telja sannleika.

Þeir æskumenn, sem eg á við og mér stendur ekki á sama um, finna og sjá að þetta er andstyggð. Og ekki eingöngu andstyggð, heldur líka aðalháskinn. Með þessum haugum er verið að teppa uppgönguaugun í lífslindum þjóðfélagsins. Með þeim er verið að gera það ljós, sem í mönnum er, að myrkri, eins og mestur spekingur mannheimsins hefir að orði kveðið—sá, sem var krossfestur fyrir að vera ófáanlegur til þess að taka nokkurn skapaðan hlut til greina annan en sannleikann.“

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.